



1554. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
9.10.2013, kl. 11:30

Frímenn Ari Ferdinandsson

- Fundargerð 1553. fundar**
Samþykkt.
- Viðburðir í Reykjavík**
Ómar Einarsson framkvæmdastjóri ÍTR og Brynja Guðjónsdóttir ÍBR komu á fundinn. Óvenju margar fyrirspurnir liggja fyrir varðandi viðburði í borginni á næstu misserum. Sérstaklega er álag á Laugardalshöll í þessu samhengi. Rætt hvernig eigi að bregðast við þessu og hvernig er mögulegt að koma til móts við félögin vegna æfingatíma sem þau missa vegna þessa.
- Viðhald íþróttamannvirkja**
Umræður. Slæm staða hjá mörgum en ljóst að um 50 milljónir myndu duga fyrir brýnustu úrbótum, fyrir utan umfangsmeiri framkvæmdir hjá tveimur félaganna (Víkingsi og TBR). Fjárhagsáætlun ÍTR er í vinnslu. Ákveðið að halda fljótlega fund með félögunum til að ræða þessi mál nánar.
- Könnun á æfingagjöldum íþróttafélaganna**
Kjartan Ásmundsson starfsmaður ÍBR kom inn á fundinn og fór yfir minnisblað um niðurstöður samantektar á þróun æfingagjalda 2005-2013. Almennt hefur hækkun æfingagjalda verið í samræmi við hækkun verðlags á umræddu tímabili.
- Kynningar íþróttafélaga í skólum**
Ítrekað umbeðinn fundur með skóla- og frístundasviði var haldinn nýlega. Í skýrslu vinnuhóps um málið er lagt til að aukin aðgangur verði að Mentor og fristund.is til kynninga í stað beinna kynninga til nemenda.
- Aðalfundur Íslenskra getrauna**
Lögð fram ársskýrsla getrauna.
- Aðildarumsókn Íþróttafélags Breiðholts**
Umsókn frá Íþróttafélagi Breiðholts um aðild til að leika körfuknattleik í 2. deild. Fer í hefðbundinn farveg. Félaginu veitt undanþága til að hefja keppni. Almennt umræða um að skoða lög hvað þetta varðar þ.e. tíma sem þarf að líða þar til félög eru gjaldgeng í keppni.
- Bréf ÍSÍ vegna nýrrar greinar í lögum sambandsins**
Hnykkt á nýrri grein sem kveður á um að óheimilt sé að velja til starfa innan íþróttahreyfingarinnar einstaklinga sem vitað er að hafi hlotið refsisdóm vegna kynferðisbrota. Framundan eru fundir um siðamál.
- Önnur mál**
 - Heimsókn til ÍBA. Rætt um mögulega heimsókn til Akureyrar.
 - Þing UMFÍ. Rætt um umsókn íþróttabandalaga að UMFÍ og umfjöllun á þingi UMFÍ.
 - Hlaupastyrkur.is. Rætt hvort er ákjósanlegt að finna leiðir til að nýta vefinn allan ársins hring.
 - Reykjavíkumaraþon. Umræður um stöðuna á samningum við samstarfsaðila.

Fundi slitið um kl. 13:30.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari.